

## Ársskýrsla 2010



# Grundvallarmarkmið Rauða krossins og Rauða hálfmánans

**MANNÚÐ** Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFASTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar. **SJÁLFBODIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar. ■

## Efni

Viðbúnaður er grundvöllurinn að árangri í starfi	2	Jólaaðstoð Rauða krossins um allt land	12
Forysta í sjálfboðnu starfi	3	Lífsnauðsynleg aðstoð við heimilislausa og fíkla	12
Tekjur og útgjöld	4	Hvar þrengir að?	13
Ýmsir viðburðir úr starfinu	5	Mikil aðsókn í athvörf Rauða krossins	14
Eldgosið í Eyjafjöllum	7	Verkefni með ungu fólki eflast í deildum	15
Ungt fólk til athafna	9	Innflytjendaverkefni	17
Rauðakrosshúsin	10	Jarðskjálftinn á Haítí	19
Félagsvinir	10	Vann gegn útbreiðslu farsóttu á Haítí	20
Endurvinnsla og umhverfisstefna Rauða krossins	11	Rauði kross Íslands veitti aðstoð um allan heim	21
Hjálparsími Rauða krossins 1717	11	Gengið til góðs fyrir Afríku	22



## Viðbúnaður er grundvöllurinn að árangri í starfi

### Rauði kross Íslands brást við náttúruhamförum, bæði heima og erlendis auk þess að sinna langtímaverkefnum.

**Landsfélög** Rauða krossins og Rauða hálfmánans eru 186 talsins. Innan þeirra starfa deildir og mikill fjöldi sjálfbóðaliða í hverju landi. Það er til þessa skipulags sem hreyfingin sækir styrk sinn og það er forsenda fyrir því að hægt sé að bregðast við og hjálpa á neyðarstundu. Miklu máli skiptir að mannaflí, viðbúnaður og skipulag sé ávallt til reiðu. Áætlanagerð, námskeið og þjálfun viðbragða við neyð fá ekki alltaf verðskuldaða athygli og oft á tíðum er lítið á það sem kostnað og umstang sem litlu skilar. En þegar til kastanna kemur eru það þeir sem eru á staðnum, þekkja skipulagið og kunna til verka sem mestu bjarga.

Viðbrögð við náttúruhamförum settu mikinn svip á starf Rauða krossins á árinu. Innanlands reyndi verulega á neyðarvarnarskipulag félagsins í kjölfar eldgosa, fyrst á Fimmvörðuhálsi, og síðar enn frekar þegar gaus í Eyjafjallajökli. Í móttöku og stuðningi við fólk sem þurfti að yfirgefa heimili sín í kjölfar eldsumbrotanna og bjó síðan við myrkan gosmökkinn í langan tíma sýndu sjálfbóðaliðar Rauða krossins hvers þeir eru megnugir. Sumir stóðu vaktina í margar vikur. Umfangsmikið verkefni á erlendri grund voru afleiðingar jarðskjálftans á Haítí. Íslenska þjóðin studdi Rauða krossinn höfðinglega og fóru alls 27 sendifulltrúar til starfa á Haítí mánuðina eftir hamfarirnar. Gífurlega mikil flóð urðu í Pakistan á síðari hluta ársins og fóru tveir íslenskir sendifulltrúar til starfa þar. Þó að utanaðkomandi hjálp skipti miklu máli þá er það styrkur og viðbúnaður heimamanna

sem er aðalatriðið þegar hamfarir dynja yfir. Sá viðbúnaður var til staðar á Suðurlandi. Hann var einnig til staðar þegar gífurlegur jarðskjálfti varð í Chile um mánuði eftir Haítiskjálftann. Þar þurftu heimamenn ekki eins mikinn stuðning og íbúar Haítí til að takast á við afleiðingarnar. Öll verkefni Rauða krossins, hvort sem þau eru hér heima eða erlendis, þurfa að taka mið af aðstæðum á hverjum stað og að því að efla fólk og samfélög til sjálfshjálpar.

Síðustu tvö árin hafa verið mörgum á Íslandi erfið og hefur aðstoð Rauða krossins skipt verulegu máli. Könnunin „Hvar þrengir að?“ sem unnin var í fjórða sinn á síðastliðnu ári sýnir glögglega að umtalsverð þörf er fyrir hin mörgu verkefni félagsins. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins um allt land vinna að margvíslegum verkefnum með það að markmiði að bæta líðan þeirra sem berskjaldaðir eru. Starf Rauðakrosshúsanna eflist á árinu og hafa sex deildir nú slíka starfsemi á sínum snærum. Verkefni sem sérstaklega snúa að ungum atvinnuleitendum fóru af stað og margvísleg sjálfbóðaverkefni efldust. Mikilvægi starfs heimsóknavina til þess að vinna gegn félagslegri einangrun hefur t.d. aldrei verið meira.

Rauði kross Íslands stendur nú frammi fyrir því að tekjur sem félagið hefur til að halda úti fastri starfsemi eru að dragast verulega saman. Ný tekjuöflun skilar gjarnan skilyrtum tekjum sem getur þrengt að sjálfstæði félagsins. Á þessu eru samt undantekningar eins og góður árangur af fataverkefnum sýnir. Það er hins vegar ljóst að á næstu árum verður félagið að

endurskoða ýmsa þætti í starfsemi sinni til þess að laga sig að breyttum aðstæðum.

Það sem alltaf stendur styrkum fótum innan hreyfingarinnar eru sjálfbóðaliðarnir sem verja tíma sínum, kröftum og þekkingu í þágu mannúðar án þess að gera kröfu um annað endurgjald en þá ánægju sem felst í því að rétta öðrum hjálparhönd. Úti um allan heim starfa þeir innan Rauða krossins og Rauða hálfmánans eftir sömu grundvallarmarkmiðum.

Við þökkum sjálfbóðaliðum og starfsfólki félagsins fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Almenningsi og stjórnvöldum færum við þakkir fyrir stuðning við Rauða kross Íslands.

Reykjavík í maí 2011,

**Anna Stefánsdóttir,**  
formaður Rauða kross Íslands

**Kristján Sturluson,**  
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

# Forysta í sjálfboðnu starfi

## Stjórn Rauða kross Íslands:



Anna Stefánsdóttir  
formaður



Anh-Dao Tran



Ágústa Ósk Aronsdóttir  
2. varamaður



Einar Sigurðsson  
gjaldkeri



Esther Brune



Eyrún  
Sigurðardóttir



Gísli Pálsson  
1. varamaður



Gunnar Frímansson  
varaformaður



Halldór U.  
Snjólaugsson



Jón Þorsteinn  
Sigurðsson



Sigríður Magnúsdóttir  
ritari



Sólveig  
Reynisdóttir



Stefán Yngvason

## Framkvæmdaráð

Anna Stefánsdóttir  
Einar Sigurðsson varamaður  
Gunnar Frímansson  
Sigríður Magnúsdóttir

## Ráðgjafarhópur um innflytjendamál

Shyamali Ghosh formaður  
Claudia Oversech  
Grazyana María Okuniewska  
Halldór Nguyen  
Tatjana Latinovic

## Stjórn Verkefnasjóðs

Stefán Yngvason formaður  
Einar Óli Fossdal  
Helga Einarsdóttir  
Sigríður Magnúsdóttir

## Stjórn Íslandsspila

Jóhannes Rúnar Jóhannsson  
Kristján Sturluson  
Sólveig Reynisdóttir

## Skoðunarmenn

Ólafur Reimar Gunnarsson  
Sigrún Camilla Halldórsdóttir

## Endurskoðunarskrifstofa

KMPG – endurskoðun hf.

## Stjórn URKÍ

Ágústa Ósk Aronsdóttir formaður  
Arna Garðarsdóttir meðstjórnandi  
Arnar Benjamín Kristjánsson meðstjórnandi  
Auður Ásbjörnsdóttir meðstjórnandi  
Guðný Halla Guðmundsdóttir gjaldkeri

Gunnlaugur Bragi Björnsson varaformaður  
Hrönn Björgvinsdóttir varamaður  
Hulda Hvönn Kristinsdóttir varamaður  
Margrét Inga Guðmundsdóttir meðstjórnandi

## Skyndihjálparráð

Einar Örn Arnarsson  
Einar Þór Hafberg  
Erna Árnadóttir  
Guðbjörg Pálsdóttir  
Gunnar M. Baldursson  
Gunnhildur Sveinsdóttir  
Oddur Eiríksson  
Ólafur Ingi Grettisson

## Formenn deilda

Austur-Húnavatnssýsludeild Einar Óli Fossdal  
Akranesdeild Sveinn Kristinsson  
Akureyrardeild Jón G. Knutsen  
Álftanesdeild Helga Kr. Einarsdóttir  
Árnesingadeild Sveinn Valgeirsson  
Bolungarvíkurdeild Dóra María Elíasdóttir  
Borgarfjarðardeild Helga Þorsteinsdóttir  
Breiðdalsdeild Unnur Björgvinsdóttir  
Búðardalsdeild Kristján Jóhannsson  
Dalvíkurdeild Símon Páll Steinsson  
Djúpvavogseild Egill Egilsson  
Dýrafjarðardeild Bergur Torfason  
Eskifjarðardeild Pétur Karl Kristinsson  
Fáskrúðsfjarðardeild Halldór U. Snjólaugsson  
Garðabæjardeild Katrín Matthíasdóttir  
Grindavíkurdeild Ágústa Gísladóttir  
Grundarfjarðardeild Bryndís Theodórsdóttir  
Hafnarfjarðardeild Ingibjörg Ásgeirsdóttir

Héraðs- og Borgarfjrd. Málfríður Björnsdóttir  
Hornafjarðardeild Ásgerður Gylfadóttir  
Húsvákurdeild Ingólfur Freysson  
Hvammstangadeild Guðrún Matthíasdóttir  
Hveragerðisdeild Eyrún Sigurðardóttir  
Ísafjarðardeild Hrefna Magnúsdóttir  
Kjósarsýsludeild Gísli Friðriksson  
Klaustursdeild Guðveig Hrólfsdóttir  
Kópavogseild Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir  
Norðfjarðardeild Þorgerður Malmquist  
Ólafsfjarðardeild Helga Stefánsdóttir  
Rangárvallasýsludeild Árni Þorgilsson  
Reyðarfjarðardeild Sigurður Ásgeirsson  
Reykjavíkurdeild Stefán Yngvason  
Seyðisfjarðardeild Guðni Sigmundsson  
Siglufjarðardeild Ólafur Sigurðsson  
Skagafjarðardeild Gunnar Jóhannesson  
Skagastrandardeild Sigrún Líndal Prastardóttir

Snæfellsbæjardeild Elfa Ármannsdóttir  
Strandasýsludeild Matthías Sævar Lýðsson  
Stykkishólmsdeild María Guðmundsdóttir  
Stöðvarfjarðardeild Póra Björk Nikulásdóttir  
Suðurnesjadeild Rúnar Helgason  
Súðavíkurdeild Sigurdís Samúelsdóttir  
Súgandafjarðardeild Bryndís Ásta Birgisdóttir  
V-Barðastrandarsýsludeild Helga Gísladóttir  
Vestmannaeyjadeild Sigmar Georgsson  
Víkudeild Sveinn Þorsteinsson  
Vopnafjarðardeild Hrunn Snorradóttir  
Þórshafnardeild Sóley Vífilsdóttir  
Önundarfjarðardeild Edda Graichen  
Öxarfjarðardeild Kolbrún Gunnarsdóttir



# Tekjur og útgjöld

**Rauði kross Íslands ráðstafaði 1.570 milljónum króna til fjölbreyttra verkefna innanlands og erlendis á árinu 2010.**

**Tekjur** Rauða krossins af söfnunarkössum lækkuðu um 12% á árinu 2010 frá fyrra ári. Lækkun að raungildi, að teknu tilliti til verðlags, er hins vegar 17,5% frá árinu 2009. Frjáls framlög námu 347 milljónum króna. Félagsgjöld voru rúmar 11 milljónir og runnu til deilda Rauða krossins.

Á árinu söfnuðust um 76 milljónir vegna hamfaranna á Haítí frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum. Söfnunin *Göngum til góðs* fór fram á árinu og safnaðist í henni 21 milljón króna, sem rann til hjálparstarfs í Afríku.

Sala á notuðum fatnaði skilaði Rauða krossinum 61 milljón króna tekjuafgangi.

Útgjöld til alþjóðlegs hjálparstarfs námu 346 milljónum króna. Þar af var 230 varið til neyðaraðstoðar og 116 til þróunaraðstoðar. Mikill hluti neyðaraðstoðar var vegna Haítí eða 103 milljónir króna.




Útgjöld til innlendra verkefna voru 608 milljónir króna. Neyðaraðstoð til einstaklinga nam 38 milljónum. 20 milljónum var varið til Rauðakrosshúsanna og virknisetra fyrir atvinnuleitendur. Kostnaður Rauða krossins við verkefni, sem tengjast beint efnahagsástandinu, nam alls um 100 milljónum króna.

264 milljónir króna fóru til rekstrar sjúkrabíla. Rauði krossinn lagði 22 milljónir til rekstrarins en aðrar tekjur koma frá ríkinu og notendum þjónustunnar.

Útgjöld Rauða krossins umfram tekjur voru 76 milljónir króna.

## Lykiltölur úr rekstrinum

	2010	2009	2008	2007
<b>Tekjur og framlög</b>				
Tekjur af söfnunarkössum	512 102	581 731	615 380	587 066
Gjafir og framlög	346 753	264 624	234 152	155 949
Samingsbundin verk við stjórnvöld	166 391	173 865	150 375	138 366
Sjúkraflutningar	129 249	116 888	93 227	89 366
Tekjur af sölustarfsemi	192 879	151 528	128 195	99 352
Aðrar tekjur	146 483	193 879	248 163	197 588
<b>Samtals</b>	<b>1 493 857</b>	<b>1 482 515</b>	<b>1 469 492</b>	<b>1 267 687</b>
<b>Framlög til nokkurra verkefna</b>				
Alþjóðahjálparstarf	346 248	328 407	326 037	252 012
Alþjóðasamstarf	71 670	61 864	65 984	58 175
Innanlandsstarf	608 193	561 563	470 044	468 560
Sjúkraflutningar	264 457	250 793	264 729	214 566
Hjálparsíminn	29 078	29 243	25 445	24 478
Athvörf Rauða krossins	71 774	70 550	71 336	61 569



# Ýmsir viðburðir úr starfinu



## Janúar

### Mannskæður jarðskjálfti á Haítí

Gríðarlegur jarðskjálfti skók Haítí þann 12. janúar og lagði höfuðborgina Port-au-Prince að miklu leyti í rúst. Þetta eru einar mannskæðustu náttúruhamfarir sögunnar. Rúmlega 222.000 manns létu lífið á nokkrum sekúndum.

Jarðskjálftinn á Haítí setti svip sinn á starfsemi Rauða krossins allt árið. Fyrsti íslenski sendifulltrúinn hélt til Haítí aðeins tveimur dögum eftir hamfarirnar. Á árinu störfuðu 27 hjálparstarfsmenn á Haítí á vegum Rauða kross Íslands í margvíslegum verkefnum, einkum á sviði heilbrigðismála. Viðbrögð almennings vegna hamfaranna ein- kenndust af fádæma örlæti og alls söfnuðust um 68 milljónir króna í söfnun Rauða krossins.



## Febrúar

### Bjargaði lífi föður síns

Magnea Tómasdóttir hlaut útnefninguna Skyndihjálparmaður ársins á 112-daginn þann 11. febrúar. Magnea bjargaði lífi föður síns, Tómasar Grétars Ólasonar, þegar hann fór í hjartastopp í sumarhúsi fjölskyldunnar. Magnea var þar ásamt honum, 18 mánaða gömlum syni sínum og 8 ára systurdóttur, Ernu Diljá. Tómas var að hvíla sig eftir kvöldmatinn í stofunni og þær frænkur að spila þegar Erna Diljá tók eftir því að afi hennar var ekki eins og hann átti að sér. Magnea hringdi í Neyðarlínuna og byrjaði strax hjartahnoð og blástur með símann á öxlinni og hélt því áfram allt þar til aðstoð barst frá Keflavík um 16 mínútum síðar.



## Mars

### Fjöldahjálparstjórar á Akranesi

Námskeið fyrir sjálfbóðaliða sem hafa áhuga á að starfa innan neyðarvarnakerfis Rauða krossins var haldið á Akranesi í mars. Sjö manns sátu námskeiðið. Þjálfun fjöldahjálparstjóra um allt land er mikilvægur þáttur í almannavörnum landsins. Átta fjöldahjálparnámskeið voru haldin á árinu og þjálfaðir voru 124 nýir fjöldahjálparstjórar. Fjöldahjálparnámskeiðin voru á Akranesi, tvö námskeið í Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsvík og Vopnafirði. Þá voru einnig haldin styttri fjöldahjálparnámskeið í Vík í Mýrdal og Heimalandi undir Eyjafjöllum fyrir íbúa í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu í kjölfar eldgosanna.



## Júlí

### Ókeypis sumarnámskeið fyrir börn

Um 370 börn á aldrinum 7-12 ára sóttu sumarnámskeið Rauða krossins, *Mannúð og menningu*. Að þessu sinni voru þau haldin í Reykjavík, Kópavogi, Álftanesi, Garðabæ, Mosfellsbæ, Ísafirði og Þingeyri. Þá sóttu um 70 börn á aldrinum 6-12 ára sumarnámskeiðin *Gleðidaga – Hvað ungur nemur, gamall temur* – sem haldin voru án endurgjalds á vegum Kópavogsdeildar, Álftanesdeildar, Kjósarsýsludeildar og Klausturdeildar. Námskeiðin voru haldin í samstarfi við Öldrunarráð Íslands og voru leiðbeinendur komnir af léttasta skeiði enda tilgangurinn með námskeiðunum að auka samskipti barna og eldra fólks og endurvefja gömul gildi.

## Ágúst

### 40 ungmenni í sumarþúðum Rauða krossins

Hátt í 40 ungmenni tóku þátt í sumarþúðum Ungmennahreyfingar Rauða krossins í Alvíðru í Ölfusi. Þátttakendur voru á aldrinum 12-16 ára, víðs vegar að af landinu. Leiðbeinendur voru sjálfbóðaliðar URKÍ á aldrinum 18-30 ára. Í þúðunum er farið í fjölbreytta leiki jafnframt því sem unnin eru verkefni sem tengjast mannréttindum, mannúðarhugsjónum og hjálparstarfi Rauða krossins. Einnig er mikið lagt upp úr útivist, kvöldvökum og annarri skemmtun.

## September

### Fjölsmiðja stofnuð á Suðurnesjum

Stofnundur Fjölsmiðju á Suðurnesjum var haldinn í september. Fjölsmiðjan er samstarfsverkefni Suðurnesjadeildar Rauða krossins, Vinnuálastofnunar og sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Starfið verður með svipuðum hætti og í Fjölsmiðjunni í Kópavogi og á Akureyri. Fjölsmiðja er í senn atvinnu-, menntunar- og félagslegt úrræði fyrir ungt fólk á krossgötum sem hefur flosnað upp úr námi eða vinnu. Ungmennunum er hjálpað við að finna sér stað í lífinu og byggja sig upp fyrir framtíðina. Áhersla er lögð á verklega þekkingu svo að unga fólkið öðlist reynslu og verði hæfara til að finna sér starfsgrein eða fara í frekara nám.



## Apríl

### Brugðist við eldgos í Eyjafjallajökli

Aðfaranótt 14. apríl hófst eldgos í Eyjafjallajökli. Rauði krossinn virkjaði neyðarvarnakerfi sitt og opnaði fjöldahjálparstöðvar í grunnskólanum á Hvolsvelli, Varmahlíð, Heimalandi og Drangshlíð. Öllum íbúum, sumarhúsaeygendum og ferðamönnum var gert að rýma svæðið samkvæmt leiðbeiningum. Sjálfbóðaliðar í Rangárvalladeild, Víkurdeild og deildum í Árnessýslu voru virkjaðir og komu til aðstoðar samkvæmt neyðarvarnarskipulagi félagsins. Um 700 manns voru skráðir í fjöldahjálparstöðvum Rauða krossins og nokkrir tugir manna nýttu sér gístaðstöðu þar og fengu skjól og fæði.



## Maí

### Þrjónað til að halda sér virkum

Vistmenn af sjúkradeild HSA gengu kröftuglega til liðs við verkefni Héraðs- og Borgarfjarðardeildar Rauða krossins með því að þrjóna teppi sem afhent voru í maí. Verkefnið er unnið með dyggri aðstoð iðju- og virkniþjálfara. Teppin fara í verkefni deildarinnar sem kallast *Föt sem framlag* þar sem útbúnir eru fatapakkar til neyðaraðstoðar erlendis eða þrjónuð og saumuð föt sem seld eru á mörkuðum deilda eða sett í sölu í Rauðakrossbúðunum. Ungbarnapakkararnir eru sendir í alþjóðlegt hjálparstarf. 26 deildir taka þátt í verkefninu.



## Júní

### Athygli vakin á málefnum flóttafólks

Fjölmargir kynntu sér málefni og menningu flóttafólks og hælisleitenda á alþjóðadegi flóttamanna þann 20. júní. Rauði krossinn, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna stóðu að hátíð á Ingólfstorgi í Reykjavík í samstarfi við hælisleitendur og flóttafólk, þar sem athygli var vakin á stöðu flóttafólks og allra þeirra sem neyðast til að leggja á flóttu. Leitast var við að vekja almenning til umhugsunar um vanda flóttafólks en einnig þann mannauð sem fólkinu fylgir. Oft vill gleymast að það tekur einnig virkan þátt í byggja hér betra samfélag og hefur auðgað íslenska menningu og mannlíf.



## Október

### Ég er ekki með unglिंगaveiki

Hjálparsími Rauða krossins 1717 stóð fyrir átaki í október undir yfirskriftinni „Ég er ekki með unglिंगaveiki – mér bara líður illa“. Áhersla er lögð á stuðning fyrir ungt fólk og að auglýsa sérstaklega í þeim miðlum sem börn og unglingar nota til að ná sem best til þeirra. Þá getur verið góð lausn að hringja í Hjálparsímann 1717 þar sem hægt er að ræða í trúnaði við einhvern hlutlausan aðila. Það að hafa einhvern til að tala við um líðan sína getur skipt miklu máli, en bent var á að oft er erfitt að ræða ýmis mál við foreldra og vini. Þá getur verið góð lausn að hringja í Hjálparsímann 1717 þar sem hægt er að ræða við einhvern í trúnaði.



## Nóvember

### Rauðakrossbúðirnar 10 ára

Í nóvember voru 10 ár liðin frá því að fyrsta Rauðakrossbúðin var opnuð að Hverfisgötu 39. Árið 2002 var búðin svo flutt að Laugavegi 12 þar sem hún er enn. Frá upphafi hafa sjálfbóðaliðar Rauða krossins annast afgreiðslustörf í búðunum. Anna G. Kristjánsdóttir tók fyrstu vaktina í Rauðakrossbúðinni og afgreiðir enn alla þriðjudaga allan ársins hring. „Í fyrstu voru oft biðraðir þegar við opnuðum. Þá voru fáar búðir sem seldu notuð föt, og eftirspurnin mikil.“ Í nóvember var opnuð ný Rauðakrossbúð í Garðabæ, og eru verslanirnar á höfuðborgarsvæðinu nú fimm. Einnig eru Rauðakrossbúðir reknar á Akureyri, Suðurnesjum, Hveragerði, Stöðvarfirði, Eskifirði og Grundarfirði.



## Desember

### Flóttafjölskyldur frá Kólumbíu

Í desember komu tvær flóttafjölskyldur frá Kólumbíu í boði stjórnvalda og tók Reykjavíkurland þátt í móttöku þeirra. Þetta er í þriðja sinn frá árinu 2005 sem Reykjavíkurborg og Rauði krossinn í Reykjavík starfa saman að móttöku flóttamanna. Rauði krossinn útvegar m.a. stuðningsfjölskyldur fyrir flóttafjölskyldurnar. Það eru sjálfbóðaliðar sem aðstoða við aðlögun og mynda vináttutengsl við flóttafólkið. Sex stuðningsfjölskyldur taka þátt í verkefninu. Sá þáttur er verulegur sálrænn stuðningur. Rauði krossinn hefur einnig það hlutverk að búa íbúðir fólksins húsgögnum og afla innanstokksmuna en borgin útvegar íbúðirnar. ■





Fjöldahjálparstöðin í Heimalandi.



Á þriðja hundrað sjálfbóðaliðar Rauða krossins komu að hreinsunarstörfum við bæina undir Eyjafjöllum sem urðu hvað verst úti í öskufallinu vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

## Eldgosið í Eyjafjöllum

**Rauði krossinn stóð fyrir umfangsmiklum aðgerðum í tengslum við eldgosíð í Eyjafjöllum. Um 300 sjálfbóðaliðar og starfsmenn komu að neyðaraðstoð og endurreisnarstarfi í þá rúmu tvo mánuði sem hamfarirnar stóðu yfir og fjölbreyttri þjónustu við íbúa svæðisins næstu 11 mánuði á eftir.**

**Meðal verkefna** Rauða krossins voru rekstur fjöldahjálparstöðva í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellsýslu, skráningar, upplýsingagjöf til almennings í gegnum Hjálparsímann 1717, störf í stjórnstöðvum almannavarna, samstarf um sálrænan stuðning, rekstur neyðarmötuneyta, aðstoð við strandaglópa vegna hinnar gríðarlegu röskunar sem varð á flugi, hreinsunarstörf á sveitabæjum, störf á þjónustumiðstöðvum almannavarna, útgáfa á fræðsluefni og ýmis námskeið og fræðsla til íbúa í kjölfar hamfaranna.

### Fimmvörðuháls

Eldgosið í Fimmvörðuhálsi hófst síðla kvölds 20. mars. Fyrsta tilkynning barst rétt fyrir miðnætti frá Múlakoti í Fljótshlíð. Farið var að vinna samkvæmt rýmingaráætlun og svæðið frá Fljótshlíð og Landeyjum í vestri að Skógum í austri rýmt. Opnaðar voru fjöldahjálparstöðvar á Hellu, Hvolsvelli, Heimalandi og Vík. Hjálparsími Rauða krossins tók við fyrirspurnum og opnuð var stjórnstöð á landsskrifstofu Rauða kross Íslands.

Um klukkan hálfjögur um nóttina var rýmingu lokið. Um 600 manns höfðu skráð sig í fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins. Síðdegis komu svo fyrirmæli frá stjórnvöldum um að rýmingum væri aflétt að mestu. Fjöldahjálparstöðvum var lokað, fulltrúar Rauða



Tekið á móti fólki í fjöldahjálparstöðinni á Hvolsvelli.

krossins í Samhæfingarstöðinni yfirgáfu stöðina og stjórnstöð á landsskrifstofu var lokað.

Næstu vikur var mikið annríki hjá lögreglu og björgunarsveitum vegna ferðafólks sem kom til að skoða eldgosíð, oft í miklu návígi, en verkefni Rauða krossins voru umfangsminni. Eldgosinu í Fimmvörðuhálsi lauk þann 12. apríl.

### Eyjafjallajökull

Eldgosið í Eyjafjallajökli hófst aðfaranótt 14. apríl, aðeins rúnum sólarhring eftir að gosi lauk í Fimmvörðuhálsi. Aðdragandann mátti greina á jarðskjálftamælum og strax þá var óttast að gos væri hafið undir jökulhettunni. Ekkert sást þó til gossins til að byrja með en um klukkan sjö um morguninn sáust gosbólstrar sem teygðu sig 30 kílómetra í austur.

Hálftíma síðar hófst flóð í Svaðbælisá og Markarfljóti og tókst með naumindum að bjarga Markarfljótsbrúnni.

Rýmingar hófust um leið og ljóst var í hvað stefndi. Þessa nótt voru 557 manns skráðir í fjöldahjálparstöðvar. Næstu daga á eftir voru reglulegar rýmingar með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa. Fjölmargir íbúafundir voru haldnir til að stappa stáli í íbúa og veita upplýsingar um stöðu mála. Fulltrúar Rauða krossins voru jafnan á þessum fundum með erindi ásamt því að dreifa gögnum um sálrænan stuðning.

Gosið átti eftir að valda miklum búsjúfum. Öskufall af völdum gossins var gríðarlegt og þegar mest var varð niðamyrkur um hábjartan dag og fólki ráðlagt að nota rykgrímur væri það á ferð utanhúss. Tún og afréttir fóru víða illa af völdum ösku og aurflóða.

Fljótlega varð gífurleg röskun á flugi um alla Evrópu, sú mesta sem orðið hefur í heiminum frá því í seinni heimsstyrjöldinni. Öskufall frá gosstöðvunum raskaði flugsamgöngum um allan heim svo dögum og vikum skipti. Fjölmörg landsfélög Rauða krossins tóku þátt í að veita strönduðum farþegum aðstoð á vettvangi.



Gosið sjálft var einnig mikið sjónarspil og vakti athygli víða um heim. Fjölmíðlar um gjörvalla veröld sögðu frá því og reyndu að bera nafn jökulsins rétt fram. Fjölmargir erlendir fjölmíðlar lögðu einnig leið sína til Íslands og landið varð miðpunktur heimspressunnar meðan helstu hamfarirnar gengu yfir. Nokkur hundruð fjölmíðlamenn frá öllum heims-hornum settu upp starfsstöðvar á Íslandi til að flytja fréttir af gosinu. Rauði krossinn lagði til fimm fulltrúa í sameiginlegan fjölmíðla- og upplýsingahóp almannavarna sem skipti með sér vöktum meðan mesta áreitið gekk yfir.

Það þótti heldur kaldhæðnislegt að einu flugvellirnir sem voru opnir nánast allan tímann meðan á eldgosinu stóð voru alþjóða-flugvellirnir á Íslandi.

### Þjónustumiðstöðvar

Laugardaginn 24. apríl urðu þáttaskil í hjálpar-

#### Aðstoð við strandaglópa á Akureyri

Laugardaginn 24. apríl barst ósk um aðstoð Rauða krossins frá yfirmönnum á Akureyrarflugvelli þegar millilandaflug færðist yfir til Akureyrar vegna ösku sem barst úr Eyjafjallajökli og hindraði flug til Keflavíkur. Fjöldi sjálfboðaliða Akureyrardeildar gaf kost á sér til verksins og hóf undirbúning. Skipan var komið á vaktir því að gert var ráð fyrir því að ástandið gæti varað í nokkurn tíma. Það var svo ekki fyrr en daginn eftir sem reyndi fyrst á þetta. Deildin fékk til afnota flugskýli þar sem sett var upp aðstaða fyrir flugfarþega.

Sjálfboðaliðarnir buðu upp á samlokur og drykki og útdeildu teppum til þeirra sem vildu. Komið var upp svefnstöðu í markaðstjöldum deildarinnar sem var tjaldað inni í flugskýlinu. Oft var þröng á þingi enda margt um manninn en farþegar lýstu yfir þakklæti sínu fyrir aðstoðina og létu margir söfnunarbauk deildarinnar njóta þess.

Mikið álag var á starfsfólki flugvallarins meðan á aðgerðum stóð og sjálfboðaliðarnir buðu þeim upp á heita súpu og brauð.

Vaktin stóð fram yfir hádegi daginn eftir þegar flug komst aftur í réttar skorður. 8. maí endurtók sagan sig og tóku sjálfboðaliðar þá aðra lotu.

Tuttugu sjálfboðaliðar tóku þátt í aðgerðunum og stóðu margir vaktina klukkustundum saman og aðstoðuðu samtals hátt í þúsund farþega.

starfinu. Þá var opnuð þjónustumiðstöð almannavarna í Heimalandi. Um svipað leyti var einnig opnuð þjónustumiðstöð í Vík. Hlutverk þjónustumiðstöðva er að tryggja þolendum náttúruhamfara greiðan aðgang að hjálparliði og ýmsum stofnunum sem koma að neyðaraðstoð og endurreisnarstarfi í kjölfar hamfara og annarra alvarlegra atburða. Rauði krossinn sá um daglegan rekstur þjónustumiðstöðvarinnar í Heimalandi í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sveitarfélagið en sjálfboðaliðar tóku einnig virkan þátt í rekstri þjónustumiðstöðvarinnar í Vík.

Fyrstu vikunar var boðið upp á hádegisverð í þjónustumiðstöðvunum. Sjálfboðaliðar Rangárvallasýsludeildar buðu upp á samtals 1880 máltíðir og í Vík voru þær líðlega 500.

Áberandi hluti af starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar í Heimalandi var skipulagning á hreinsunarstörfum á sveitabæjum meðan á mesta öskufallinu stóð. 217 sjálfboðaliðar Rauða krossins komu að þeirri hreinsun, vopnaðir skóflum, hrífum og hjólbörum, þar á meðal 103 úr nýstofnuðum Liðsauka. Liðsaukar Rauða krossins eru til taks þegar á reynir og þörf er á miklum mannskap á neyðartímum. Þetta er í fyrsta sinn sem leitað er til þessa hóps, enda ærið tilefni til.

Á annað hundruð starfsfólks Arion banka er á liðsaukaskrá Rauða krossins, og var mikill fjöldi þeirra sem fékk frí í vinnu til að taka þátt í hreinsunarstarfinu. ■

#### Börnin í Vík í skemmtiferð

Öskufall var oft mikið í Vík. Föstudaginn 8. maí var það svo mikið að íbúar voru hvattir til að yfirgefa þorpíð. Yfir 80 manns skráðu sig þá hjá Rauða krossinum úr þorpinu. Flestir sneru þó aftur innan fárra daga. Börnin í grunnskólanum í Vík fengu svo aftur hvíld frá gosöskunni föstudaginn 14. maí þegar Rauði krossinn bauð þeim í skemmtiferð til Reykjavíkur.

Dagskráin hófst um hádegisbil í Nauthólvík þar sem börnin undu sér vel við alls kyns leiki og fjör og gæddu sér á grilluðum pylsum. Síðar um daginn var farið í heimsókn í Latabæ og Húsdýragarðinn. Boðið var til kvöldverðar áður en lagt var af stað heim á leið. Verkefnisstjórar í verkefni Rauða krossins *Ungt fólk til athafna* höfðu umsjón með móttökunni og dagskrárgerð.



Sjálfboðaliðar sáu um að enginn væri svangur í fjöldahjálparstöðinni í Vík.



Ólöf Snæhólm Baldursdóttir frá Landsbjörgu og Sólveig Ólafsdóttir Rauða krossinum stóðu vaktina í fjölmíðlamiðstöðinni á Hvalsveili.



Fjöldahjálparstöðin í Heimalandi.

Fjöldahjálparstöð opnuð í Vík þann 14. apríl 2010. Sveinn Þorsteinnsson formaður deildarinnar dregur fánann að hún.





Ungt fólk til athafna er verkefni í samvinnu við Vinnumálastofnun og staðsett á nokkrum stöðum á landinu.



Sjálfbóðaliðar í verkefninu Ungt fólk til athafna taka á móti grunnskólanemum frá eldgosasvæðinu en Rauði krossinn bauð þeim í dagsferð til Reykjavíkur.

## Ungt fólk til athafna – virkniverkefni fyrir unga atvinnuleitendur

**Í febrúar gerðu Rauði krossinn og Vinnumálastofnun með sér samning um viðamikil verkefni til að tryggja sjálfbóðastörf fyrir allt að 180 unga atvinnuleitendur á aldrinum 18–24 ára. Þetta var hluti af átaki félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar sem kallast Ungt fólk til athafna.**

**Samkvæmt** samningnum fá þátttakendur þjálfun til að sinna sjálfbóðaliðaverkefnum hjá deildum Rauða krossins. Tilgangur verkefnisins er að stuðla að virkni og starfshæfni ungra atvinnuleitenda og sporna gegn erfiðum félagslegum og heilsufarslegum afleiðingum sem oft fylgja langvarandi atvinnuleysi, auk þess að kynna fyrir fleirum þau fjölmörgu störf og verkefni sem Rauði krossinn sinnir í samfélaginu.

Þetta hefur tekist framur vonum og hafa um helmingi fleiri ungmenni unnið með Rauða krossinum en gert var ráð fyrir við undirritun samningsins. Á árinu tóku alls 387 einstaklingar þátt í verkefni Rauða krossins í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Álftanesi, Mosfellsbæ, Akranesi, Suðurnesjum og Suðurlandi. Þó nokkrir ungir innflytjendur hafa tekið þátt í þessu verkefni.

Vinnumálastofnun kostaði ráðningu átta verkefnisstjóra hjá Rauða krossinum til að annast fræðslu fyrir sjálfbóðaliðana, val á verkefnum, stuðning og eftirlit með þátttöku þeirra. Þeir sem ráðnir voru verkefnisstjórar voru allir á atvinnuleysisráði og voru tryggðir innan at-

vinnuleysistryggingakerfisins. Deildir Rauða krossins lögðu til starfsaðstöðu og stöðu undir öðrum kostnaði vegna verkefnisins.

Vinnumálastofnun hefur annast val á einstaklingum til þátttöku í verkefninu og gert samning við hvern og einn þeirra sem felur í sér skuldbindingar um að vinna samkvæmt lögum, reglum og leiðbeiningum viðkomandi deildar Rauða krossins.

Fljótlega eftir að verkefnið hófst ákváðu verkefnisstjórar deilda Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu að vinna saman og hlaut verkefnið nafnið Taktur.

Þátttakendur í Takti hittast í Rauðakrosshúsinu í Borgartúni. Mikil áhersla er lögð á hópastarf en virk atvinnuleit er þó alltaf á dagskránni. Þátttakendur voru 190 talsins.

Verkefnið á Akranesi hlaut nafnið Tækifæri. Í mars lagði Arion banki endurgjaldslaust til húsrými til 14 mánaða. Fyrsta verkefni hópsins var að koma húsnæðinu í stand því að það var nánast fokhelt. Mánuði síðar opnuðu svo Skagastaðir (nafn valið af þátttak-

endum Tækifæris eftir lýðræðislega kosningu). Allir ungir atvinnuleitendur á Akranesi hafa viðkomu á Skagastöðum og tóku 149 einstaklingar þátt í verkefninu. Starfið á Skagastöðum einkennist af hópastarfi og er einnig ýmislegt gert til að hjálpa við atvinnuleit. Tengslanetið sem myndast þegar margir koma saman hefur líka reynst þátttakendum vel.

Á Suðurnesjum voru þátttakendur 42. Þeir sinna hefðbundnum verkefnum eins og fataflokkingun, heimsóknþjónustu og þátttöku í ungmennastarfi Rauða krossins. Einnig hafa þeir unnið sjálfbóðastarf á leikskólum Reykjanesbæjar. Þá tóku sex einstaklingar þátt í verkefninu hjá Árnesingadeild Rauða krossins.

Á vormisseri störfuðu tveir sjálfbóðaliðar í Ungt fólk til athafna hjá Húsavíkureild. Var það gert í samstarfi við Stéttarfélagið Framsýn. Sjálfbóðaliðarnir flokkuðu föt og settu upp fatamarkað til stuðnings við starf deildarinnar. ■



Í Sjálfböðamiðstöð Kjósarsýsludeildar var opið hús flesta daga vikunnar til að ná til atvinnulausra.



## Rauðakrosshúsin

**Rauði krossinn** stendur fyrir öflugri þjónustu fyrir þá sem eru berskjaldaðir í íslensku samfélagi. Félagið leggur áherslu á að veita þá aðstoð sem mest þörf er fyrir á hverjum tíma. Deildir félagsins hafa sett á laggirnar verkefni sem miða að því að virkja fólk og rjúfa félagslega einangrun nú þegar þúsundir landsmanna glíma við atvinnuleysi og fjárhagsörðugleika.

### Rauðakrosshúsin

Rauðakrosshúsið í Borgartúni í Reykjavík fagnaði eins árs starfsafmæli í mars. Starfsemi byggir á reynslu Rauða krossins af því að bregðast við áföllum, og frá upphafi hafa gestir hússins sótt þangað sálrænan og félagslegan stuðning og ráðgjöf um ýmis úrræði í samfélaginu.

Sams konar virknimiðstöðvar voru svo opnaðar í haust í Kópavogi og Mosfellsbæ undir merkjum Rauðakrosshúss, en í Hafnarfirði kallast úrræðið Deiglan og í Grundarfirði Vinahúsið

Grund. Miðstöðvarnar eru sérstaklega hugsaðar sem vettvangur fyrir atvinnuleitendur til að halda sér virkum í samfélaginu meðan á leit að nýrri atvinnu stendur.

Í Rauðakrosshúsunum er öflugt félagsstarf og fræðsla þar sem í boði eru námskeið, tómtundaiðja og félagsskapur, og þar er fólk hvatt til að þróa og skapa sín eigin verkefni sem nýtast öðrum. Ýmsir sérfræðingar koma að starfsemi, svo sem atvinnumálafulltrúar, sálfræðingar, lögfræðingar og prestar/djónnar þjóðkirkjunnar en líkt og í öðrum verkefnum Rauða krossins bera sjálfböðaliðar starfið uppi. Um 100 einstaklingar sækja Rauðakrosshúsin á hverjum degi.

**Rauðakrosshúsið í Reykjavík**, Borgartúni 25, er opið virka daga 13-16.

Síminn 545 0410 er opin 9-16, [raudakrosshusid@redcross.is](mailto:raudakrosshusid@redcross.is), [raudikrossinn.is/reykjavik](http://raudikrossinn.is/reykjavik).

**Rauðakrosshúsið í Kópavogi**, Hamraborg 11, er opið mánudaga, þriðjudaga og föstudaga 11-15.

Sími 554 6626, [kopavogur@redcross.is](mailto:kopavogur@redcross.is), [raudikrossinn.is/kopavogur](http://raudikrossinn.is/kopavogur).

**Rauðakrosshúsið í Mosfellsbæ**, Þverholti 7, opið þriðjudaga og fimmtudaga 10-14 og miðvikudaga 13-16.

Sími 564 6035, [kjos@redcross.is](mailto:kjos@redcross.is), [raudikrossinn.is/kjos](http://raudikrossinn.is/kjos).

**Deiglan í Hafnarfirði**, Strandgötu 24, opið mánudaga, miðvikudaga og föstudaga 10-14.

Sími 565 1222, [deiglan@redcross.is](mailto:deiglan@redcross.is), [raudikrossinn.is/hafnarfjordur](http://raudikrossinn.is/hafnarfjordur).

### Vinahúsið, Grundarfirði

Vinahúsið Grund tók formlega til starfa í byrjun desember 2009 og er það staðsett í verkalyðshúsinu að Borgarbraut 2 í Grundarfirði. ■

## Félagsvinir

**Félagsvinaverkefni** eru sjálfböðaverkefni af ýmsu tagi eru til staðar innan Rauða krossins. Fjölmennasta verkefnið er félagsvinir fólks af erlendum uppruna *Mentor er málið* sem sagt er frá annars staðar í ársskýrslunni.

Síðan haustið 2008 hefur verkefnið *Félagsvinir barna og ungmenna* verið í gangi í tengslum við Vin. Um er að ræða stuðning við börn og unglunga sem eiga við geðræn vandamál að stríða og/eða eiga foreldri/foreldra með geðröskun. Verkefnið er unnið í samvinnu við Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala - Háskólasjúkrahúss. BSc-nemendur í sálfræði og nemendur í kennslufræði og lýðheilsudeild við Háskólann í Reykjavík og nemendur í félagsvísindadeild Háskóla Íslands eru félagsleiðbeinendur í sjálfböðnu starfi. Frá upphafi hafa 23 börn og unglingar notið þjónustunnar, þar af 12 nú í vetur.

Tilraunaverkefnið *Félagsvinir atvinnuleitenda*

hófst snemma árs 2010 sem úrræði til styrkingar atvinnuleitendum. Það er unnið í nánu samstarfi við Vinnumálastofnun og Eflingu. Markmiðið er að efla og virkja þá sem verið hafa atvinnulausir í langan tíma.

*Félagsvinir atvinnuleitenda* byggir á þriggja mánaða sambandi tveggja einstaklinga (jafningjafraðsla) þar sem annar leiðir sambandið (sjálfböðaliði) en hinn þiggur leiðsögn (atvinnuleitandi). Sambandið tekur mið af óskum og þörfum atvinnuleitandans með það að markmiði að opna dyr að helstu úrræðum sem geta gagnast honum í atvinnuleitinni. Atvinnuleitendur setja sér persónuleg markmið sem þeir vilja ná á tímabilinu og gera vinnuáætlun. Þátttakendur vinna gagnert gegn niðurbroti í kjölfar atvinnuleysis, nýta sér hjálp til sjálfshjápar og stækka tengslanet sitt í því augnamiði að auka möguleikana á að fá vinnu á ný. Virkni á meðan á atvinnuleit stendur eykur vellíðan og gerir það að verkum



Dag einn í júní kleif félagsvinaparið Ólöf og Margrét Úlfarsfellið.

að atvinnuleitendur eru tilbúnir til að mæta til starfa þegar rofar til á vinnumarkaði á ný.

Á árinu luku þrjú hópar 28 stunda sjálfböðaliðanámskeiði. Fyrsti hópur félagsvinapara lauk störfum í maí 2010. Viðamikil lokaskýrsla var gerð um fyrsta hópinn og í kjölfarið var mótaður rammi fyrir verkefnið og mælikvarði á árangur þróaður enn frekar. Hópur tvö hóf störf í október og hópur þrjú í desember. Þegar staða einstaklinga í hópum eitt og tvö, samtals 50 manns, var skoðuð kom í ljós að 20 einstaklingar voru komnir með vinnu. ■





Jón Sigurðsson  
þjónar fyrir  
Rauða krossinn.



Í byrjun árs kom gámur til Hvíta-Rússlands með tvö þúsund ungbarnapökkum sem sjálfbóðaliðar Rauða krossins um allt land útbjuggu í verkefninu Föt sem framlag.

## Endurvinnsla og umhverfisstefna Rauða krossins

**Fatasöfnun** er eitt stærsta umhverfisverkefni Rauða krossins. Deildir Rauða krossins um allt land safna notuðum fatnaði sem allur nýtist til hjálparstarfs. Þetta er ekki einungis frábær endurvinnsla heldur leggur fólk Rauða krossinum lið með því að gefa fatnað og styrkir neyðaraðstoð bæði hér á landi og erlendis.

Töluverður samdráttur hefur orðið í magni af fatnaði sem borist hefur til Fatasöfnunar Rauða krossins síðustu tvö ár, en breyttist aftur þegar leið á árið. Niðurstaða ársins var að fluttir voru út 66 gámar af fatnaði, samtals um

903 tonn. Heildarverðmæti þessa útflutnings reyndist vera rúmlega 40,3 milljónir.

Fatasöfnun Rauða krossins er orðin eitt mikilvægasta fjáröflunarverkefnið fyrir Hjálpar-sjóð Rauða kross Íslands. Afrakstur ársins var 60 milljónir króna sem greiddar voru í Hjálparsjóð, sem einkum er notaður til alþjóðlegs hjálparstarfs.

Á árinu komu um 200 sjálfbóðaliðar að verkefninu og unnu samtals um 19.000 vinnustundir. Um er að ræða afgreiðslu í búðunum, söfnun og flokkun fatnaðar. Þá úthlutaði Rauði krossinn fatnaði til 2.000 einstaklinga.

Áhersla er á að vinna í samræmi við umhverfisstefnu félagsins. Flokkun sorps og aukin áhersla á að hafa gögn á rafrænu formi er sífellt meira áberandi alls staðar innan félagsins. Losun koltvísyrings út í andrúmsloftið vegna bílafloða félagsins var um 600 tonn og jókst um 11% milli ára. Þessi aukning er í samræmi við aukinn akstur sjúkrabíla en sjúkrabílaflotinn vegur langþýngst í allri kol-fnalosun tengdri starfsemi Rauða krossins. ■



Þjónakaffi hjá sjálfbóðaliðum Kópavogsdeildar í verkefninu Föt sem framlag árið 2010.



Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða kross Íslands, afhendir Galínu tvö teppi sem þjónuð voru af Ingibjörgu Árnadóttur, 94 ára sjálfbóðaliða Kópavogsdeildar, og koma virkilega í góðar þarfir í kuldanum í Hvíta-Rússlandi.



Við vaktaskipti í búðinni að Laugavegi 12, sjálfbóðaliðarnir Anna Lilja Kvaran, Anna G. Kristjánsdóttir, Elin Sæmundsdóttir og Auður Sigurgeirsdóttir.

## Hjálparsími Rauða krossins 1717 er mikilvægur í hruninu

**Strax** í kjölfar efnahagshrunsins jókst fjöldi símtala í Hjálparsíma Rauða krossins 1717 um meira en 50% og hefur haldist svipaður síðan. Að jafnaði berast um 70 símtöl á dag. Hjálparsími Rauða krossins er gjaldfrjáls sími sem er opinn allan sólarhringinn árið um kring fyrir þá sem þurfa á aðstoð og ráðgjöf að halda vegna einmanaleika, kvíða, þunglyndis, depurðar, efnahagsáhyggja eða jafnvel sjálfs-

vígshugsana. Í Hjálparsímanum eru veittar upplýsingar um hvar má leita úrræða og lausna á vandamálum. Hjálparsíminn hefur haldið sérstakar þemavikur um greiðsluerfiðleika og áföll sem rekja má til krepunnar þar sem fólk er sérstaklega hvatt til að hringja inn og leita eftir úrræðum. Yfir 100 sjálfbóðaliðar vinna við Hjálparsímann. ■



Jólaúthlutun fór fram í desember í samstarfi við Hjálparstarf Rauða krossins og Mæðrastyksnefnd. Þórgrímur Þráinsson og Ragnhildur Eiríksdóttir tóku þátt.

# Jólaaðstoð Rauða krossins um allt land



**Rauði kross Íslands** stóð að venju að jólaaðstoð fyrir fjölskyldur og einstaklinga um allt land. Rauði krossinn varði alls ríflega 30 milljónum í aðstoðina. Rauða kross deildir um allt land sáu um úthlutun. Þær störfuðu ýmist einar eða í samstarfi við aðra aðila eftir aðstæðum á hverjum stað. Um 15.000 manns nutu aðstoðar Rauða krossins og samstarfsaðila á landsvísi.

Í Reykjavík vann Reykjavíkurdeild Rauða krossins líkt og undanfarin ár að jólaaðstoð í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur, og tók Hjálpræðisherinn einnig þátt í því þetta árið. Alls fengu tæplega 4.100 fjölskyldur og einstaklingar matarúthlutun hjá þessum

samstarfsaðilum. Fyrir jólin veitti Reykjavíkurdeild einnig fjárstyrki úr Elínborgarsjóði til einstaklinga sem eiga verulega erfitt vegna fátæktar. Reykjavíkurdeild varði um 9,5 milljónum til jólaaðstoðar að þessu sinni.

Í Kópavogi og Hafnarfirði unnu Rauða kross deildirnar ásamt Hjálparstarfi kirkjunnar að jólaaðstoð í samvinnu við mæðrastyksnefndir. Deildin í Garðabæ var í samstarfi við Garðasókn og í Kjós og á Álftanesi sáu Rauða kross deildirnar um úthlutun. Jólaaðstoð þessara deilda nam um 2,9 milljónum króna, og um 660 fjölskyldur og einstaklingar nutu góðs af.

Á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum unnu

Rauða kross deildirnar flestar í samvinnu við sveitarfélögin, kirkjuna og önnur félagsamtök eins og verið hefur undanfarin ár. Akureyrardeild Rauða krossins vann að jólaúthlutun í samstarfi við Mæðrastyksnefnd Akureyrar. Á Vesturlandi nam jólaaðstoðin 4,2 milljónum króna, og 1,4 milljónum króna var varið í úthlutun á Vestfjörðum. Þar fengu um 180 fjölskyldur og einstaklingar aðstoð. Á Norðurlandi fengu um 660 fjölskyldur og einstaklingar úthlutað og nam aðstoðin 4,2 milljónum króna. Á Austurlandi fóru alls um 2,8 milljónir í verkefnið og nutu 145 einstaklingar og fjölskyldur góðs af. Á Suðurlandi og Suðurnesjum var samtals varið um 3 milljónum króna í úthlutun um jólin og þar fengu um 320 fjölskyldur og einstaklingar aðstoð. ■

## Lífsnauðsynleg aðstoð við heimilislausu og fíkla

**Reykjavíkurdeild Rauða krossins hefur rekið Konukot, athvarf fyrir heimilislausar konur, óslitið frá haustdögum 2004. Reykjavíkurborg hefur greitt rekstrarkostnað athvarfsins frá árinu 2007.**

Í **Konukoti** eru átta rúm fyrir heimilislausar konur en fyrir kemur að allt að 12 einstaklingar gisti í athvarfinu. Opnunartími er frá kl. 17 til kl. 12 næsta dag. Á fjórða tug sjálfbodaliða Rauða krossins starfa að verkefninu og standa vaktina frá opnun til kl. 22 en þá taka starfsmenn við. Á árinu voru 78 konur sem nýttu sér Konukot og voru gisti-nætur samtals 1.784.

### Heilsuþjónusta á hjólum

Út frá starfseminni í Konukoti þróaðist nýtt verkefni sem tók til starfa í október.

Heilsuhýsið, sem er heilbrigðisþjónusta á hjólum, svarar þörf útígangsfólks og fíkla á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið felst í því að auðvelda aðgengi þessa jaðarhóps að heilsufarsþjónustu eins og sáraumbúnaði, umbúðaskiptum, heilsufarsráðgjöf auk nála- og sprautuskipta.

Verkefnið hefur verið rekið í hjólhýsi deildarinnar og hefur þjónustan verið í boði tvisvar sinnum í viku. Hátt í 30 hjúkrunarfræðingar hafa sinnt þjónustunni í sjálfbodastarfi. Í lok árs höfðu 70 einstaklingar komið í 190 heim-



Þær stóðu vaktina í heilsuhýsinu. Helga Sif Friðjónsdóttir, Jónína Sigurlaug Jónasdóttir og Rósa Friðríksdóttir.



sóknir í Heilsuhýsið. Í desember var hafinn undirbúningur að útvíkkun verkefnisins með gömlum sjúkrabíl til að enn auðveldara verði að ná til þeirra sem þurfa á þessari aðstoð að halda. ■



Georg Habsburg, formaður Rauða krossins í Ungverjalandi, hélt erindi á málþingi Rauða krossins *Hvar þrengir að?* um áhrif efnahagskreppunnar í Evrópu.



## Hvar þrengir að?

### Ungt fólk og börn verða verst úti í kreppunni

Í maí birti Rauði krossinn niðurstöður úr skýrslu sinni *Hvar þrengir að?* á málþingi sem haldið var daginn fyrir aðalfund félagsins. Þetta er í fjórða sinn sem slík skýrsla er unnin fyrir Rauða krossinn á síðustu 16 árum til að meta hvaða hópar standa höllum fæti í íslensku samfélagi svo félagið geti skilgreint hvar þörfin fyrir aðstoð þess er.

**Síðasta** skýrsla var unnin árið 2006, og hafa aðstæður margra breyst á þessum fjórum árum. Fimm hópar standa nú verst að vígi í íslensku samfélagi samkvæmt niðurstöðu skýrslunnar 2010. Þetta eru atvinnuleitendur, barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar, innflytjendur, öryrkjar með börn og ungt fólk sem skortir tækifæri.

Skýrslan byggir á upplýsingum frá 69 einstaklingum víðs vegar að af landinu. Þátttakendur voru sérfræðingar sem starfs síns vegna búa yfir upplýsingum um þá sem höllum fæti standa. Að auki er litið til niðurstaðna netkönnunar Rauða krossins meðal almennings sem framkvæmd var af MMR.

Í skýrslunni kemur fram að börn eru sérstaklega berskjölduð vegna afleiðinga efnahagsþrenginganna þar sem fátækt kemur öðruvísi við þau en fullorðna. Þar skiptir mestu máli hversu lengi ástandið varir. Langvarandi fátækt getur haft áhrif á börn langt fram á fullorðinsár, á félagslega þátttöku barna, t.d. í tólmundastarfi, og getur leitt til einangrunar og þess að þau verði útundan í samfélaginu.

Ungt atvinnulaust fólk á einnig erfitt uppdráttar að mati viðmælenda Rauða krossins. Margir óttast að heil kynslóð ungs fólks festist í langtímaatvinnuleysi og týnist í fá-

tækt. Samkvæmt finnskum rannsóknum er þunglyndi einn stærsti og alvarlegasti fylgiskur atvinnuleysis, og ótímabær útganga fólks af vinnumarkaði leiðir oft til örorku vegna andlegra kvilla.

Niðurstaða skýrslunnar var nýtt við mótnu nýrrar stefnu Rauða krossins til ársins 2020. Í kjölfar sams konar kannana undir sömu formerkjum *Hvar þrengir að?* sem gerðar voru 1994, 2000 og 2006 jók Rauði kross Íslands til að mynda mjög starf sitt með geðfötl-uðum, efldi heimsóknþjónustu fyrir aldraða og sjúka til að rjúfa félagslega einangrun og hleypti af stokkunum verkefnum í þágu innflytjenda.

Skýrslan var kynnt á fjölmennu málefnaþingi sem haldið var í Háskóla Íslands. Sérstakur gestur málefnaþingsins var formaður Rauða krossins í Ungverjalandi, Georg Habsburg, sem kynnti afleiðingar efnahagskreppunnar á starfsemi Rauða kross félaga í Evrópu. Hann fjallaði í erindi sínu um þær efnahagsþrengingar sem Ungverjar stríða við rétt eins og Íslendingar. Almennigur þar hefur orðið mjög illa úti vegna óraunhæfra lánaviðskipta, myntkörfulána, atvinnuleysis og óstöðugleika gjaldmiðilsins, og er fjölmargar hliðstæður að finna um afleiðingar kreppunnar í Ungverjalandi og á Íslandi. ■







Eyjólfur Kolbeins hefur komið í Vin - athvarf fyrir fólk með geðraskanir frá því að athvarfið opnaði 1993.



Jólaskákmót Vinjar. Mótið var afar hressandi, ekki síst þar sem borgarstjórinn Jón Gnarr setti mótið með stæl og lék fyrsta leikinn.

# Mikil aðsókn í athvörf Rauða krossins

**Rauði krossinn rekur fjögur athvörf fyrir fólk með geðraskanir á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Félagið kemur einnig að rekstri þriggja annarra athvarfa á Norðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Markmið athvarfanna er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum og auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðsjúkdóma að stríða.**

Lögð er áhersla á að virkja gesti til þátttöku í starfsemi athvarfanna og ákvarðanatöku. Gestir stjórna húsfundum og ganga í flest þau störf sem þörf er á, allt eftir getu hvers og eins. Lögð er áhersla á að draga fram hjá hverjum og einum þá styrkleika sem í honum búa og styðja þannig viðkomandi, þrátt fyrir veikindi og ýmsa erfiðleika, til að ná markmiðum sem þeir setja sér til aukinna lífsgæða.

Í Reykjavík er athvarfið Vin við Hverfisgötuna. Gestakomur í Vin á árinu voru alls 5.024 og komu að meðaltali um 22 á dag. Matargestir voru að meðaltali um 11 á dag, þ.e. um helmingur allra sem sóttu Vin. Um 340 einstaklingar heimsóttu athvarfið og voru 21% þeirra konur. Starfið í Vin skiptir miklu máli fyrir stóran hóp fólks sem nýtir sér stuðninginn þar.

Lækur í Hafnarfirði var áfram rekinn í samstarfi við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi og Hafnarfjarðarbæ. Mikil aukning var á komufjölda milli ára, eða um 33%. Árið 2009 sóttu 2.275 athvarfið heim, en árið 2010 var komufjöldi 3.048. Þessi fjölgun gesta er mun meiri en áður hefur verið. Að meðaltali sækja um 13 gestir athvarfið á dag. Fjöldi þeirra gesta sem kom reglulega um lengri eða skemmri tíma var

72 einstaklingar og var kynjahlutfall nokkuð jafnt, 37 karlmenn og 35 konur.

Flestir gestir komu í september, mars og nóvember, en einnig nýttu margir sér að koma í júní og júlí. Þar sýndi sig að mikilvægt var að halda opnu yfir sumartímann þegar ýmis önnur úrræði fyrir fólk með geðraskanir eru lokuð vegna sumarleyfa.

Meðalfjöldi gesta í Dvöl í Kópavogi var 11 á dag, sjö konur og fjórir karlar. Matargestir voru að meðaltali um níu á dag. Gestir koma í athvarfið á eigin forsendum og njóta þeirrar þjónustu sem í boði er. Áhersla er lögð á að efla sjálfstæði og virkni gestanna en jafnhliða eru þeir aðstoðaðir við að leita nýrra leiða, óski þeir þess.

Laut á Akureyri hélt upp á 10 ára afmæli sitt í byrjun desember. Sjálfbóðaliðar og notendur sjá um að halda athvörfunum opnum á laugardögum. Alls voru 3.310 gestakomur í Laut á árinu á hefðbundnum opnunartíma, þ.e. að meðaltali um 15 manns á dag, og er kynjahlutfallið milli þeirra sem sækja athvarfið nokkuð jafnt. Alls voru 338 gestakomur á laugardögum þegar sjálfbóðaliðar Akureyrardeildar Rauða krossins sjá alfarið um dagskrá.

Haldin voru málþing á Akureyri og Húsavík undir nafninu „Byggjum betra samfélag“ í samstarfi við Hlutverkasetur, Háskólann á Akureyri og fleiri aðila. Fyrirlesarar voru fagaðilar og notendur, málþingin voru mjög vel sótt bæði af notendum og fagfólki ásamt öðrum áhugasömum aðilum. Samanlagt sóttu málþingin um 170 manns.

Mikið og gott samstarf er við Vesturaf, geðræktarmiðstöð á Ísafirði sem Rauðakrossdeildirnar á Vestfjörðum styrkja. Samvinna er við miðstöðina vegna fataflokunar, öflunar sjálfbóðaliða, reksturs markaðar og ýmissa annarra verkefna. Rauði krossinn styður einnig við starfsemi endurhæfingarhússins HVER á Akranesi og Setursins á Húsavík.

Stofnaður var nýr stuðningshópur geðfatlaðra og aðstandenda þeirra á Eskifirði í byrjun árs og hittist hópurinn tvisvar í viku. Enn eru hópar starfandi á Hornafirði og Egilsstöðum. ■



Hópur í ungmennastarfi á höfuðborgarsvæðinu á viðburði Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti í mars.

## Verkefni með ungu fólki eflast í deildum

Barna- og ungmennastarf er víða fastur liður í starfi deilda. Sérstökum ungmennadeildum hefur þó ekki fjölgað en nokkrar deildir bjóða hins vegar upp á afmörkuð verkefni sem eru sérstaklega ætluð ungmennum auk þess sem fjölmargar deildir eru í samstarfi við skóla og félagsmiðstöðvar með ýmsa fræðslu og tímabundið samstarf, m.a. tengt kynningum og fjáröflunum.

### Öflugt ungmennastarf í Kópavogi

*Enter* er verkefni fyrir unga innflytjendur á aldrinum 9-12 ára og unnið í samstarfi við nýbúadeild Álfhólsskóla og Kópavogsbæ. Markmið verkefnisins er að auðvelda börnum af erlendum uppruna aðlögun að íslensku samfélagi og virka þátttöku í því. Börnin koma einu sinni í viku eftir skóla í Rauðakrosshúsið í Kópavogi og fá málörvun og samfélagsfræðslu í gegnum leiki, fræðslu, kynningarstarf og vettvangsferðir.

Um 30 börn voru skráð í verkefnið á árinu og komu þau frá Portúgal, Póllandi, Rússlandi, Lettlandi, Tælandi, Víetnam, Haítí og Dóminíska lýðveldinu. Alls tóku 30 sjálfboda-liðar þátt í að stýra starfinu og var meirihluti þeirra skólafólk á þrítugsaldri. Verkefnið er því vinsæll vettvangur fyrir yngri sjálfboda-liða.

*Eldhugar* er verkefni fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára og miðar að því að íslensk og erlend ungmenni vinni saman að því að byggja betra samfélag, án mismununar og fordóma. Verkefninu er einnig ætlað að skapa

grundvöll fyrir ungmenni af ólíkum uppruna til að hittast og hafa gaman saman. Eldhugar komu meðal annars frá Póllandi, Rúmeníu, Tælandi, Portúgal, Litháen og Íslandi, og frá öllum hverfum Kópavogs, alla leið frá Vatnsenda yfir í vesturbæ Kópavogs. Alls voru um 30 Eldhugar skráðir í verkefnið á hvorri önn. Sjálfboda-liðar voru samtals 16, þar af tveir hópstjórar.

### Blómlegt starf í Firðinum

Ungmennahreyfing Rauða krossins í Hafnarfirði býður upp á starf fyrir börn og ungmenni 10 ára og eldri. Boðið er upp á fast starf einu sinni í viku yfir vetratímamann, á miðvikudögum fyrir 10-12 ára og á fimmtudögum fyrir 13-16 ára. Eldri ungmenni eru ekki með fasta starfstíma heldur vinna öflugt sjálfboda-liðastarf og sjá til dæmis um krakka-starfið fyrir 10-12 ára hópinn af miklum dugnaði. Til að kynna starfið voru hengd upp kynningarplaköt í grunnskólum, farið í heim sóknir og starfið sérstaklega kynnt fyrir ungum innflytjendum í samstarfi við móttöku-deild innflytjenda í Lækjarskóla. Um 30 börn

og unglingar eru virk í ungmennastarfinu.

### Heilahristingur og heimanám í Reykjavíkurdeild

Aðstoð við heimanám hefur verið í boði Reykjavíkurdeildar Rauða krossins um langa hríð, og var upphaflega sérstaklega ætlað börnum innflytjenda. Fimmtán sjálfboda-liðar sinna verkefninu. Þeir eru með fjölbreytta reynslu og á ýmsum aldri, jafnt framhalds- og háskólanemar, starfandi kennarar og kennarar sem komnir eru á eftirlaun. Verkefnið hefur þróast og í dag nýta íslensk börn sér aðstoð Rauða krossins sem og börn af erlendum uppruna. Á árinu var verkefnið rekið á tveimur stöðum í borginni; í húsnæði deildarinnar við Hlemm og í Gerðubergssafni í Breiðholti. Verkefnið *Heilahristingur* er af sama toga en unnið í samstarfi við Borgarbókarsafn Reykjavíkur. Það hefur hleypt nýju lífi í heimanámsaðstoð enda möguleikar til fjölbreyttari nálgunar á námið mun meiri en hægt er að bjóða upp á í húsnæði deildarinnar. Að jafnaði sækja um 25 börn heimanámið í hverri viku.



## Gaman saman á Akranesi

Verkefnið *Gaman saman* á Akranesi leiðir saman ólíka hópa barna af ólíkum uppruna sem hafa að öðru leyti lítil samskipti innbyrðis. Fjallað er um mannréttindi og fjölmenningu, og voru leiðbeinendur flestir af erlendum uppruna. Átta sjálfboðaliðar, þar af fjórir karlmenn frá Póllandi, Portúgal og Líbíu, héldu utan um hópinn og tóku 104 börn þátt í verkefninu.

## Móral í Kjósarsýsludeild

Ungmennadeild Kjósarsýsludeildar starfrækir unglingahópin *Móral* en starf hans miðast við að vinna að fjölbreyttum verkefnum í anda hugsjóna Rauða krossins og auka skilning á stöðu mismunandi hópa í samfélaginu. Meðal verkefna hópsins er fjáröflun en hópurinn framleiddi meðal annars brjóstsykur sem var seldur á jólamarkaði deildarinnar í Álafossvosinni. Ágóðinn, kr. 60.000, rann í jólaúthlutun Kjósarsýsludeildar. Hópurinn hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti og vakið athygli á málefnum með fjölbreyttum hætti, ásamt öðrum ungmennahópum. Virkir þátttakendur í *Móral* eru sjö talsins en auk þeirra eru fimm eldri sjálfboðaliðar (16 ára og eldri) sem halda utan um starfið.

## Gleðjum aðra í Borgarfirði

Unglingastarf Borgarfjarðardeildar samanstendur af 10 stelpum á aldrinum 13-14 ára. Starfið gengur út á að vinna gegn fordómum og einelti ásamt því að auka skilning á stöðu þeirra sem minna mega sín. Hluti af hópnum er af erlendum uppruna og mikil áhersla er á að brjóta niður múra milli mismunandi menningarhópa í samfélaginu. Meðal verkefna unglingastarfsins er *Gleðjum aðra* en það gengur út á að bjóða mismunandi hópum í spjall, spil og leiki. Krökkunum í Holti, skammtímavistun fyrir fötluð börn, var boðið í slíka heimsókn sem mæltist mjög vel fyrir. Fjáröflun er stór hluti af starfi unglingastarfsins og stelpurnar bjuggu til skartgripis sem ætlunin var svo að selja á markaði deildarinnar.

## Austfirðir

Mikil gróska var í ungmennastarfi á Austfjörðum. Hlutverkaleikurinn *Á flötta* var haldinn á Eiðum í október. Rauða kross deildir á Austurlandi sáu um að finna þátttakendur og fundu 17 ungmenni á aldrinum 13-16 ára frá Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði og Egilsstöðum. Þetta er í fyrsta skipti sem leikurinn er haldinn á Austurlandi og heppnaðist vel. Þá hefur skyndihjálparhópur



Ungmennastarfið í Hafnarfirði: Arndís Embla, Vala, Þórdís, Bergey, Jack og Diljá.

ungmenna verið mjög virkur á árinu, og hefur beðið um leyfi til að breyta nafninu í Ungmennastarf Rauða kross deilda á Austurlandi, URKÍ-AUST, vegna fjölbreytilegra verkefna.

## Sumarbúðir og sumarnámskeið

Eftir efnahagshrunið 2008 hefur Rauði kross Íslands lagt sérstaka áherslu á að aðstoða ungt fólk í gegnum yfirstandandi þrengingar

í íslensku samfélagi. Hætta er á að mikill fjöldi barna og unglunga geti ekki sótt sumarnámskeið sökum fjárskorts foreldra. Deildir Rauða krossins víða um land og Ungmennahreyfingin brugðu á það ráð að bjóða börnum og unglungum upp á spennandi námskeið yfir sumartímann, oftast þeim að kostnaðarlausu eða gegn vægu gjaldi. Í sumar voru sumarnámskeið og sumarbúðir fyrir börn og unglunga 26 talsins og þau sóttu 450 börn. ■







Félagsvinir kvenna af erlendum uppruna í Viðey.

Alþjóðlegir foreldrar er verkefni sem Kópavogsdeild Rauða krossins fór af stað með haustið 2007. Markmiðið er að aðstoða innflytjendur sem eru heima með ung börn við að aðlagast íslensku samfélagi.

## Innflytjendaverkefni

Rauði kross Íslands hefur frá árinu 2007 lagt sérstaka áherslu á málefni innflytjenda, eftir að niðurstöður skýrslunnar *Hvar þrengir að?* bentu til þess að um áhættuhóp væri að ræða hvað snertir einangrun og að festast í fátækragildru. Starf Rauða krossins með þessum hópi lýtur bæði að aðstoða við innflytjendur með sérstökum verkefnum sem hjálpar þeim að fóta sig betur í íslensku samfélagi, og eins að því að fá innflytjendur til liðs við Rauða krossinn og taka þannig virkan þátt í stefnu- mótun félagsins.

**Innflytjendum** er hætt við félagslegri einangrun þar sem þá skortir oft greiðan aðgang að félagsneti og njóta ekki sama stuðnings fjölskyldu og vina og í upprunalandinu. Þeir eiga einnig oft í vök að verjast á viðsjárverðum tímum eins og í þeim efnahagsþrengingum sem íslenskt samfélag gengur nú í gegnum.

**Kópavogsdeild Rauða krossins** hefur verið ötul í því að setja á fót verkefni fyrir fólk af erlendum uppruna og hafa þau notið vaxandi vinsælda frá því fyrsta verkefnið fyrir ung- menni leit dagsins ljós árið 2004.

*Alþjóðlegir foreldrar* er verkefni sem **Kópavogs- deild** hóf árið 2007. Markmið verkefnisins er að aðstoða innflytjendur sem eru heima með ung börn við að aðlagast íslensku samfélagi. Innflytjendur sem ekki eru á vinnumarkaði búa oft við félagslega einangrun og er tilgangurinn meðal annars að rjúfa einsemd með samverustundum einu sinni í viku.

Alls voru 32 þátttakendur í verkefninu frá Pól-

landi, Bandaríkjunum, Rússlandi, Þýskalandi, Bretlandi, Kína, Japan, Ástralíu, Noregi, Frakklandi, Eistlandi, Perú, Venesúela, Írak, S-Afríku, Mexíkó, Moldóvu, Tævan, Bretlandi og Íslandi. Sjö íslenskir sjálfbóðaliðar tóku þátt í verkefninu á árinu, þar af tveir hóp- stjórar. Verkefnið er einnig kynnt í samvinnu við Heilsugæslu Kópavogs, fyrir mæðrum í mæðraskoðun, ungbarnavernd og í heimavítjunum. Þá var hátt í 1.000 bæklingum til að kynna verkefnið dreift í samstarfi við Fæð- ingarorlofssjóð á árinu.

*Viltu tala meiri íslensku?* er verkefni sem hófst 2009. Íslenskir sjálfbóðaliðar hitta vikulega innflytjendur og talar fólk saman á íslensku. Þetta gefur innflytjendum tækifæri til að þjálfra sig í notkun málsins og bæta orðaforða sinn. Alls hafa sjö sjálfbóðaliðar sinnt þessu verkefni á árinu og þátttakendur, alls níu talsins, hafa komið frá Póllandi, Bretlandi, Ítalíu, Srí Lanka, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

**Reykjavíkurdæld Rauða krossins** tók við verkefninu *Félagsvinir af erlendum uppruna - Mentor er málið af Garðabæjardeild* á árinu. Verkefnið er unnið í samstarfi við sam- tökin *Allar heimsins konur*. Verkefnið er tví- þætt, annars vegar fyrir konur og hins vegar börn. Um er að ræða jafningjasamband milli tveggja kvenna sem báðar njóta góðs af og er önnur íslensk en hin af erlendum uppruna. Börn af erlendum uppruna fá hins vegar eldri félagsleiðbeinanda. Starfið er unnið í nánú sambandi við foreldra barnanna. Á árinu hafa 50 pör kvenna og sjö barnapör tekið þátt. Á árinu var hafin tilraun með sams konar verkefni fyrir karla og hafa fjögur pör tekið þátt.

Í Rauðakrosshúsinu í Borgartúni býður **Reykjavíkurdæld** upp á lögfræðiráðgjöf til innflytjenda einu sinni í viku. Ráðgjöfin er að mestu innt af hendi lögfræðinga í sjálf- boðnu starfi. Í sumum tilvikum gengur ráð- gjöfin lengra, t.d. koma lögfræðingarnir inn- flytjendum oft í samband við viðeigandi aðila



Félagsvinir kvenna af erlendum uppruna.  
Samvera í Viðey og útskurður í grænmeti.

innan viðeigandi stofnana eða þeir taka að sér að aðstoða innflytjendur við ýmiss konar skjalagerð, s.s. kærur vegna atvinnu- og dvalarleyfa og ýmislegt er snertir fjölskyldumál.

**Akranesdeild** hefur mikið látið til sín taka í málefnum innflytjenda á undanfönum árum og býður upp á fjölbreytt og mikilvæg verkefni sem njóta mikilla vinsælda. Síðan 2007 hefur Rauði krossinn rekið þjónustumiðstöð fyrir erlenda íbúa á Akranesi samkvæmt samningi við Akraneskaupstað. Stærstur hluti innflytjenda á Akranesi er frá Póllandi og hjá deildinni starfar pólskumælandi verkefnisstjóri. Á síðasta ári sinnti deildin um 1.400 einstaklingum af erlendum uppruna.

Verkefnið *Leiðin að hjarta manneskjunnar* – *matarklúbbur* hófst í febrúar og eru fastir þátttakendur í verkefninu 18 fjölskyldur frá 14 löndum. Þeir skiptast á um að gegna hlutverki gestgjafa og bjóða til veislu einu sinni í mánuði þar sem eldaðar eru krásir sem einkennandi eru fyrir menningu upprunlandsins. Að auki er 10-15 manns, flestum íslenskum, boðið í mat og gefst þessum aðilum tækifæri á að kynnast. Um 320 manns tóku þátt í þessu verkefni.

Skvísuhúpurinn er skipaður íslenskum og erlendum konum sem hittast einu sinni í mánuði. Markmið hans er að styrkja tengslanet kvenna

og efla þær í lífi og starfi. 180 konur tóku þátt í þessu verkefni á árinu.

**Rauði krossinn á Akranesi** stendur jafnan fyrir Þjóðahátíð sem hefur fest sig í sessi sem einn stærsti viðburðurinn á menningarhátíðinni Vökudögum sem haldin er árlega. Settir voru upp 23 básar þar sem menning fjölmargra landa í Asíu, Evrópu, Afríku og Ameríku var kynnt, og lögðu 500 gestir leið sína á viðburðinn.

**Deildir á Austfjörðum** bjóða einnig upp á ýmis verkefni sérstaklega ætluð innflytjendum. Í Fjarðabyggð er upplýsingamiðstöð fyrir nýja íbúa rekin í samvinnu sveitarfélagsins og Rauðakrossdeilda á svæðinu. Þar geta allir nýir íbúar svæðisins – íslenskir jafnt sem erlendir – leitað upplýsinga og ráðgjafar varðandi húsnæðismál, dvalar- og atvinnuleyfi, heilsgæslu, aðgengi að íslenskunámi, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, fræðslu og námskeið sem í boði eru ásamt fleiru. Þá eru einnig haldin sérstök konukvöld því að margar konur sem eru heimavinnandi einangrast frekar en eiginmennirnir sem eru að heiman allan daginn í vinnu. Á Reyðarfirði hittast erlendir íbúar og hópur sjálfboðaliða á vegum Rauða krossins til að tala saman á íslensku.

Í desember stóð **Héraðs- og Borgarfjarðardeild** Rauða krossins fyrir alþjóðlegri jólaveislu á Egilsstöðum. Sjálfboðaliðar Rauða

krossins sjá um að hjálpa erlendum börnum við heimanám.

Þá hafa Rauðakrossdeildir á Austurlandi í samstarfi við Jafnréttishús staðið fyrir fræðslu um fjölmenningu og fordóma. Sex skólar fengu slíka fræðslu á síðasta ári: Verkmenntaskólinn á Norðfirði, Grunnskólinn á Eskifirði, Grunnskólinn á Stöðvarfirði, Grunnskólinn á Egilsstöðum, Grunnskólinn á Borgarfirði eystra og Menntaskólinn á Egilsstöðum.

Fulltrúar frá Rauða krossinum á Austurlandi sitja í innflytjendateymi ásamt fulltrúum frá ýmsum félagasamtökum, fyrirtækjum, prestum, munkum, nunnum og sveitarfélögum. Starfsmaður Rauða krossins í Fjarðabyggð og svæðisfulltrúi halda utan um fundina sem eru haldnir til skiptis á Reyðarfirði og Egilsstöðum.

**Deildirnar á Vestfjörðum** hafa um árabíl styrkt og tekið þátt í menningarlega fjölbreyttum verkefnum á svæðinu. **Önundarfjarðardeild** hefur verið öflug í að vera með ýmsar fjölmennningarlegar uppákomur, svo sem matarkvöld, tungumálafræðslu og dans. Gott samstarf er við Fjölmenningssetur og Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni. Þá hafa tveir leiðbeinendur séð um fordómafræðslu á svæðinu. ■





Birna Halldórsdóttir við undirbúning dreifingar í einni af tjaldbúðunum.



Bjarni Árnason læknir starfaði á sjúkrahúsi þýska og finnska Rauða krossins í Carrefour í úthverfi Port-au-Prince.



Skyndihjálpargögn Rauða krossins affermd í Port-au-Prince.

# Jarðskjálftinn á Haítí

## – mannskæðustu hamfarir í mörg ár

**Jarðskjálftinn** sem reið yfir Haítí þann 12. janúar lét engan ósnortinn. Upptökin voru um 17 km utan við höfuðborgina Port-au-Prince og lagði hana að miklu leyti í rúst. Rúmlega 222.000 manns létu lífið á nokkrum sekúndum. Yfir 300.000 slösuðust, um 2,3 milljónir manna misstu heimili sín og flest opinber mannvirki hrundu til grunna. Fyrir var Haítí eitt af fátækustu löndum veraldar, heimkynni þjóðar sem hefur mátt þola viðvarandi óstöðugleika og nístandi örbirgð.

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins á Haítí unnu í kapp við tímann við að bjarga mannlífum, hlúa að slösuðum og dreifa hjálpargögnum fyrstu sólarhringana eftir skjálftann. Alþjóðlegir starfsmenn Rauða krossins voru á staðnum og sérfræðingateymi hreyfingarinnar voru komin til starfa nokkrum dögum eftir hamfarirnar. Jarðskjálftinn kallaði á nýtingu nánast alls alþjóðlegs hjálparviðbúnaðar Rauða krossins.



Elin Oddsdóttir í skurðtjaldinu að vinna með svæfingalækningunum Síru.

Alls var 21 neyðarsveit kölluð til frá fjölmörgum landsfélögum Rauða krossins á fyrstu dögum hjálparstarfsins. Þar af voru tvö tjaldsjúkrahús, fjórar sjúkrastöðvar, tvær sveitir sérfræðinga í flutningum og geymslu hjálpargagna, tvær fjarskiptasveitir, fjórar sveitir sérfræðinga um dreifingu hjálpargagna, tvær sveitir sem sérhæfa sig í útvegum drykkjarvatns, þrjár hreinsunarveitir og tvær búðir fyrir hjálparstarfsfólk.

Fyrsti sendifulltrúi Rauða kross Íslands á staðinn var Hlín Baldvinsdóttir sem hélt til Haítí aðeins tveimur dögum eftir að skjálftinn varð. Fyrstu næturnar svaf hún undir berum himni þar til tjaldbúðum var smám saman komið upp til að hýsa alþjóðlega hjálparstarfsmenn Rauða krossins. Hlín, sem er einn reyndasti sendifulltrúi Rauða kross Íslands, gegndi stöðu fjármálastjóra í sérfræðingateymi Alþjóða Rauða krossins.



Sigurjón Valmundsson bráðaliði við sjúkdómsgreiningu.

Næstu daga, vikur og mánuði fóru samtals 27 sendifulltrúar til hjálparstarfa á Haítí á vegum Rauða kross Íslands - alls 13 hjúkrunarfræðingar, 4 læknar, 2 sálfræðingar, 1 bráðatæknir, 6 skipuleggjendur og stjórnendur hjálparstarfs og 1 sérfræðingur í vatns- og hreinlætismálum. Flestir fóru til starfa við tjaldsjúkrahús þýska og finnska Rauða krossins í bænum Carrefour í úthverfi höfuðborgarinnar.

Rauði kross Íslands tók einnig þátt í rúmlega 20 manna teymi sem hafði það athyglisverða verkefni að skilgreina hlutverk Rauða krossins í að byggja Haítí upp á ný. Alls voru fimm Íslendingar í teyminu sem skoðuðu meðal annars leiðir til uppbyggingar, aðstæður kvenna og barna, og þörfina fyrir sálrænan stuðning.

Fjársöfnun meðal almennings, stjórnvalda og deilda skilaði alls um 68 milljónum króna til hjálparstarfsins á Haítí. Þessi mikli stuðningur gerði félaginu kleift að senda bæði varning og fólk til neyðaraðstoðar allt árið og að taka þátt með finnska og sænska Rauða krossinum í færanlegri norrænni sjúkrastöð. Í tengslum við sjúkrastöðina kom Rauði kross Íslands í gang sálrænum stuðningi við fólk í 11.000 manna flóttamannabúðum í St. Marie, einu af úthverfum Port-au-Prince. Tíu milljóna króna viðbótarstuðningur utanríkisráðuneytisins tryggir þessa starfsemi til næstu tveggja ára.





Sjálfbóðaliðar Rauða krossins brugðust skjótt við og pökk-uðu sjúkravörum í 1.000 skyndihjálparpakka fyrir Haítí.

## Rauði kross Íslands sendi hjálpargögn beint til Haítí

Þegar utanríkisráðuneytið ákvað að senda flugvél eftir alþjóðabjörgunarsveit Landsbjargar, sem hafði farið á vettvang nær samstundis, var Rauða krossinum boðið að nýta farið. Rauði kross Íslands brást skjótt við og hófst handa við að svara beiðni Alþjóða Rauða krossins um varning sem nauðsynlega skorti til hjálparstarfsins.

Tugir sjálfbóðaliða Rauða kross Íslands pökk-uðu í skyndingu hjúkrunarvörum í 1.000 skyndihjálparpakka fyrir skyndihjálparteymi sem unnu að því að veita slösuðum aðstoð á Haítí. Rauði kross Íslands sendi einnig með vélinni loftkælubúnað fyrir sjúkraskurðstofur, rafstöðvar og rafala fyrir starfsemi tjald-sjúkrahúsa og færanlegra sjúkrastöðva.

## Tombólubörn styrkja börn á Haítí

Um 550 tombólubörn styrktu starf Rauða krossins á liðnu ári og hafa þau aldrei verið fleiri. Upphæðin sem tombólukrakkarnir söfnuðu nam tæplega 1 milljón króna sem er einnig metframlag frá þessum yngsta hópi styrktarmanna Rauða krossins.

Augljóst er að fjölmörg börn voru djúpt snortin af fréttum frá Haítí eftir jarðskjálftana miklu og neyð jafnaldra sinna þar. Tombólúvertíðin hófst því strax í janúar að þessu sinni og hafa börnin sýnt ótrúlega hugmyndaauðgi við að safna fé fyrir Rauða krossinn til styrktar börnum á Haítí. Það er sannarlega eftirtektarvert að yngsta kynslóðin sýni svo mikla samhygd með fórnarlömbum hamfara úti í heimi þegar erfiðir tímar ríkja í íslensku samfélagi.

Framlag tombólubarnanna rennur alltaf til barna- og ungmennastarfs Rauða krossins víða um heim, og voru peningarnir sem söfnuðust á síðasta ári notaðir til að kaupa skólavörur, rúm og annað skjól fyrir illa stödd börn á Haítí, m.a. munaðarlaus börn sem áður sváfu í fletum á jörðinni. Síðustu sendifulltrúar Rauða krossins á Haítí, þær Birna Halldórsdóttir, Ragnheiður Þórisdóttir og Kristjana Þorkelsdóttir, sáu um að koma fénu til skila til barna sem njóta aðstoðar Rauða krossins áður en þær héldu til Íslands í desember. ■



Ragnheiður Þórisdóttir.

Framlag Rauða kross Íslands til hjálparstarfanna á Haítí nemur samtals um 103 milljónum króna. Almennigur lagði fram um 44 milljónir króna í síma-söfnun Rauða krossins, tombólubörn söfnuðu rúmri milljón, ríki og sveitarfélög lögðu fram alls um 31 milljón og Rauði krossinn um 4 milljónir króna úr neyðarsjóðum sínum. Um 65 milljónum hefur þegar verið varið til neyðaraðstoðarinnar og um 15 milljónir króna renna til verkefna á næstu tveimur árum.

## Vann gegn útbreiðslu farsóttá á Haítí

Óttinn um að farsóttir kynnu að blossa upp í kjölfar hamfaranna á Haítí ógnaði öllu hjálparstarfi í landinu svo mánuðum skipti. Sá ótti varð svo að veruleika um haustið og í árslok höfðu 2.700 manns látið lífið úr kóleru.

Kristjón Þorkelsson, pípulagningarmeistari og einn af reyndustu sendifulltrúum Rauða kross Íslands, átti stóran þátt í því að koma í veg fyrir að farsóttir breiddust út fyrstu mánuðina meðal þeirra milljóna manna sem voru heimilislausar og höfðust við í tjaldbúðum við afleitar aðstæður. Kristjón fór til Haítí í febrúar og starfaði í sjö mánuði á hamfarasvæðunum.

„Það má teljast undravert í ljósi aðstæðna að farsóttir komu ekki upp fyrr, en meginmarkmið með fyrstu aðgerðum Rauða krossins í vatns- og hreinlætismálum var að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma eins og kóleru, malaríu og taugaveiki,“ segir Kristjón.

Fyrir skjálftann var mörgu ábótavant í vatns- og hreinlætismálum á Haítí. Fólk í höfuðborginni Port-au-Prince hafði til dæmis aðeins aðgengi að hreinu vatni 2-3 daga í viku í 2-3 tíma í senn. Byggja þurfti því verkefni Rauða krossins í vatns- og hreinlætismálum frá grunni. Skipulag vatnsveitu var aðeins einn þáttur í starfi Kristjóns á vettvangi. Skipulagning bað- og þvottaaðstöðu, kamragerðar, frárennslis skolps og frágangs sorps var ekki síður brýnt verkefni.

„Það er hreinlega lífsnauðsynlegt að koma þessum málum í sæmilegt horf sem allra fyrst eftir hamfarir. Það er til dæmis mjög mikilvægt að grafa niður dren þar sem fólk baðar sig því að moskítóflugur sem bera með sér malaríu þrífast best í vatnspollum, og kólera og aðrar niðurgangsbakteríur grassera í opnu skolpvatni,“ sagði Kristjón.

„En ég er ekki hvað síst stoltur af því að hafa



Kristjón Þorkelsson, sendifulltrúi Rauða kross Íslands, á vettvangi á Haítí.

fundið lausn á mjög aðkallandi úrlausnar-efni í úrgangsmálum. Fyrst eftir skjálftann voru neyðarkamrar í tjaldbúðunum reistir ofan á opnum skurðum með tilheyrandi lykt og flugnageri. Mér datt hins vegar í hug að við gætum byggt kamrana ofan á tönkum sem síðan væru tæmdir og úrgangurinn urðaður fjarri tjaldbúðunum,“ segir Kristjón og bætir við að oft séu einföldu lausnirnar þær bestu. ■

# Rauði kross Íslands veitti aðstoð um allan heim



## Sálrænn stuðningur við stríðshrjáð börn í Palestínu

Rauði kross Íslands hefur frá árinu 2002 verið í samstarfi við systurfélag sitt í Palestínu um að veita börnum sálrænan stuðning. Á skólaárinu 2009–2010 nutu alls 6.668 börn sálræns stuðnings og 3.291 aðstandandi fékk fræðslu um hvernig bæta mætti andlega líðan barna og tengsl þeirra við fjölskyldu og vini. Þegar allt er talið lætur nærri að 44.000 manns hafi notið góðs af verkefninu þennan tíma en það fór fram í sex sveitarfélögum á Vesturbakkanum, þ.e. í austurhluta Jerúsalem, elsta borgarhlutanum í Hebron, í Jenin, Qaliqilya, Tubas og Tulkarem.

Auk Rauða kross Íslands standa þrjú önnur Rauða kross félög að þessu starfi í samvinnu við Rauða hálfmánann í Palestínu, þ.e. Rauði krossinn í Danmörku, Frakklandi og á Ítalíu. Kostnaður við verkefnið er að mestu greiddur úr sjóðum Evrópusambandsins (ECHO). Utanríkisráðuneytið veitti Rauða krossi Íslands styrk vegna þessa verkefnis.



Lilja með 15 mánaða og fjögurra kílóa stúlkubarn.

## Palestínsk ungmenni til Íslands

Árið 2008 veitti Yoko Ono íslensku þjóðinni friðarverðlaun sem Ólafur Ragnar Grímsson forseti ákvað að Rauði kross Íslands fengi til ráðstöfunar. Verðlaunafénu yrði varið til að bjóða hingað til lands ungmennum frá Palestínu. Nú hefur skapast sú hefð að hingað komi tvö ungmenni á hverju ári til að kynna sér sjúkraflutninga á Íslandi og fræðast um starfsemi Rauða krossins. Ungmenninn sem hingað koma hafa öll verið sjálfboðaliðar í sjúkraflutningum á vegum Rauða hálfmánans í Palestínu, en líkt og hér á landi starfrækir Rauði hálfmáninn sjúkrabifreiðar fyrir íbúa á Vesturbakkanum.

Að þessu sinni sá Akranesdeild um að taka á móti ungmennunum sem komu hingað í október og dvöldust í þrjár vikur. Dagskráin var viðamikil, m.a. fengu gestirnir þjálfun hjá bráðaliðum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, fræddu framhaldsskólanema á Akranesi um heimaland sitt og unnu með börnum palestínska flóttafólksins sem þar býr.

## Neyðarvarnir í Kákasusfjöllum

Fjárveiting fékkst frá DIPECHO-sjóði Evrópusambandsins til uppbyggingar neyðarvarna í Kákasusfjöllum. Danski Rauði krossinn leiðir verkefnið með Rauða krossi Íslands og skrifstofu Alþjóðasambandsins í Búdapest. Verkefnið hófst í apríl og mun standa í 15 mánuði.

Markmiðið er að byggja upp kerfi neyðarvarna á þeim svæðum í Georgíu og Armeníu þar sem jarðskjálftar, skriðuföll og flóð eru algeng. Ætlunin er að efla samfélögin og gera þau hæfari til að draga úr og bregðast við hamförum sem koma helst niður á þeim sem

eru berskjaldaðir. Nær svæðið til 71.500 íbúa sem búa í 30 sveitarfélögum í Georgíu og 11 í Armeníu.

Fulltrúi Rauða kross Íslands hefur tekið þátt í að móta verkefnið og fylgja því úr höfn. Hún starfar hjá VSÓ Ráðgjöf sem styrkir verkefnið.

## Mansalsverkefni í Hvíta-Rússlandi

Með fjárstyrk frá utanríkisráðuneytinu var hægt að styðja baráttuna gegn mansali í Gomel-héraði í Hvíta-Rússlandi sem er á áhrifasvæði Tsérnobyl-slyssins við landamæri Úkraínu og Rússlands. Starfið í Gomel tengist mansalsverkefnum hvít-rússneska Rauða krossins annars staðar í landinu. Verkefnið hófst 1. júní og miðar að því að aðstoða þolendur mansals sem koma aftur til Hvíta-Rússlands og koma í veg fyrir mansal með forvörnum.

## Aldrei fleiri sendifulltrúar til starfa

Aldrei hafa fleiri sendifulltrúar Rauða kross Íslands verið við störf á einu almanaksári en á árinu en þá voru 37 sendifulltrúar að störfum við 43 verkefni í 125 mannmánuði. Meginskýringin á þessum fjölda er viðbrögð við neyðarástandi á Haítí eftir að jarðskjálfti reið þar yfir í upphafi árs. 27 störfuðu að 28 verkefnum á Haítí á árinu í 55 mannmánuði.

Á árinu var haldið sendifulltrúanámskeið í Munaðarnesi og bættust 22 á Veraldarvakt í kjölfarið en 16 sendifulltrúar fóru í sína fyrstu starfsferð á vegum Rauða kross Íslands. Hlutfall milli kynja var þannig að 28 konur voru við störf en 15 karlar. Til samanburðar má geta þess að árið 2009 störfuðu 14 karlar á vettvangi en 10 konur. ■





Mæðgin í Hafnarfirði.



Tobba Marinósdóttir fjölmiðlakona gekk Karlagötuna ásamt kærasta sínum Karli Siguróssyni.

## Gengið til góðs fyrir Afríku

**Göngum til góðs**, landssöfnun Rauða kross Íslands, fór fram í sjötta sinn þann 2. október. Markmiðið var að virkja um 1% af íslensku þjóðinni og fá um 3.000 sjálfbóðaliða til að sameinast um eitt málefni og leggja sitt af mörkum til að styðja við verkefni Rauða krossins í Afríku.

Næstum tókst að ná því markmiði, alls um 2.500 sjálfbóðaliðar um allt land gengu hús úr húsi og tókst að banka upp á hjá um 80% allra heimila á landinu. Riflega 21 milljón króna safnaðist og er þetta er nokkuð hærra upphæð en safnaðist þegar gengið var síðast til góðs í hrunvikunni í október 2008. Þá söfnuðust um 18 milljónir króna.

Landssöfnunin Göngum til góðs er haldin annað hvert ár. Það sem gerir hana frábrugðna öðrum söfnunum er að ekki er einungis leitað eftir fjárstuðningi heldur er einnig markmiðið að fá fólk til að sýna samstöðu í verki með því að gerast sjálfbóðaliðar eina dagsfund. Þannig geta allir tekið þátt í söfnuninni – ýmist með því að ganga eða gefa.



Þessi börn gengu til góðs á Djúpvaggi: Guðrún Elín Ævarsdóttir, Diljá Ósk Snjólfsdóttir, Henry Daði Þórisson og Ágúst Smári Ævarsson (fremstur).

„Við erum þakklát landsmönnum fyrir að bregðast svona vel við og gefa af tíma sínum á laugardegi fyrir gott málefni. Við þökkum einnig þeim sem voru heima og tóku vel á móti sjálfbóðaliðunum,“ sagði Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands. „Þetta sýnir mikinn samhug í samfélaginu með meðbræðrum okkar og -systurum sem búa við mjög kröpp kjör í Afríku. Það er ekki síður mikilvægt en það fé sem safnaðist.“

Íslandsmeistarar Breiðabliks gerðu garðinn frægan í Kópavogi og gengu til góðs í þágu Rauða krossins. Tobba Marinósdóttir fjölmiðlakona, sem tók þátt í auglýsinga-herferðinni, tók Karlagötuna ásamt kærasta sínum, Karli Siguróssyni borgarfulltrúa. Hún segir íbúa þar hafa tekið ótrúlega vel á móti þeim og að það hafi verið sérstök upplifun að fara út fyrir sitt venjulega umhverfi og safna fé með þessum hætti.

Verndari söfnunarinnar, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, opnaði landssöfnunina á Akureyri að þessu sinni. Þaðan fór hann til Dalvíkur þar sem hann tók á móti söfnunarbaukum fyrir hönd Rauða krossins þar áður en hann tók þátt í hátíðarhöldum vegna opunar Héðinsfjarðarganga.

### Áhersla lögð á langtímaverkefni

Í söfnuninni Göngum til góðs er gjarnan litið til langtímasamstarfsverkefna Rauða kross Íslands sem eiga undir högg að sækja varðandi fjármögnun en þar sem þörfin er engu síður aðkallandi og brýn en þar sem náttúruhamfarir og átök geisa.

Að þessu sinni setti Rauði krossinn á oddinn verkefni félagsins í Malaví fyrir börn og ungmenni sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis, og Sierra Leóne þar sem um er að ræða verkefni fyrir stríðshrjáð börn og endurhæfingu barnahermanna. Samstarfið við Rauða krossinn í Malaví hófst árið 2002 með söfnunarfé úr Göngum til góðs það ár, og við Rauða krossinn í Sierra Leóne í kjölfar landsöfnunarinnar árið 2004. ■



Sigríður Alma og Sæunn Axelsdætur gengu til góðs á Ólafsfirði með Axeli Ásgeirssyni pabba sínum.

### Söfnunarféð gerir Rauða krossinum meðal annars kleift að:

- gefa munaðarlausum börnum eina heita máltíð á dag í athvörfum þar sem þau geta líka leikið sér og fengið uppbyggjandi fræðslu
- aðstoða sjálfshjálparhópa alnæmissmitaðra við að koma sér upp matjurtagörðum, sem eflir heilsu og lengir líf þeirra
- kenna 150 stríðshrjáðum ungmennum á ári lestur, skrift og ýmsar iðngreinar til að gefa þeim tækifæri í lífinu sem þau hefðu annars ekki

Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur, Haítí  
Jóhannes Sigfússon, öryggisfulltrúi, Pakistan  
Jón Magnús Kristjánsson, læknir, Haítí  
Karl Sæberg Júlísson, öryggisfulltrúi, Genf  
Kristjana Þuríður Þorlákssdóttir, hjúkrunarfræðingur, Haítí  
Kristján Þorkelsson, hreinlætis- og vatnsheinsimál, Haítí  
Lilja Óskarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Haítí og Pakistan

Lilja Steingrimsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Haítí  
Magna Björk Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Haítí  
Margrét Rögn Hafsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Haítí  
Maríanna Csillag, hjúkrunarfræðingur, Haítí  
Ómar Valdimarsson, úttekt á vinadeildarsamstarfi, í Gambíu, Malaví og Mósambík  
O. Ragnheiður Þórisdóttir, hjúkrunarfræðingur, Haítí

Ruth Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur, Haítí  
Sigríður Þórnar, hjúkrunarfræðingur og heilsusálfræðingur, Haítí  
Sigurjón Valmundsson sjúkraflutningamaður og bráðaliði, Haítí  
Sólveig Björk Sveinbjörnsdóttir, uppbygging, Haítí





# MANNVINUR

## MANNVINUR RAUÐA KROSSINS

Mannvinur Rauða krossins tekur þátt í alþjóðlegu hjálparstarfi með mánaðarlegum framlögum að eigin vali.

Þú getur orðið **Mannvinur** núna - á [www.raudikrossinn.is](http://www.raudikrossinn.is).

 Rauði kross Íslands

Hjálparsími Rauða krossins 1717 er opinn alla daga ársins, allan sólarhringinn og er fyrir alla.

# 1717



 1717

 Rauði kross Íslands

 Rauði kross Íslands

LANDSSKRIFSTOFA  
EFSTALEITI 9  
103 REYKJAVÍK  
SÍMI 570 4000  
CENTRAL@REDCROSS.IS  
WWW.RAUDIKROSSINN.IS